

Ár 2016, fimmtudaginn 2. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf.**

#### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf. heyrir undir kjararáð.

#### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 3. febrúar 2016 frá formanni stjórnar Nýs Landspítala ohf. þar sem þess er óskað að kjararáð ákveði laun og starfskjör framkvæmdastjórans. Í bréfinu kemur fram að með lögum nr. 64/2010 hafi Alþingi samþykkt að stofna nýtt opinbert hlutafélag, Nýr Landspítali ohf. Markmið og tilgangur félagsins sé að standa að nauðsynlegum undirbúningi útboðs og byggingar nýs Landspítala í Reykjavík. Ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 gildi um félagið sé ekki kveðið á um annað í lögum nr. 64/2010. Félaginu sé heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins sé nánar lýst í samþykktum þess. Fram kemur að stjórn félagsins skuli vinna að verkefnum í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefnisins. Stjórn félagsins skuli skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara, kosnum á aðalfundi ár hvert.

Í bréfi stjórnarinnar segir að í framhaldi af lagasetningunni árið 2010 hafi stjórn Nýs Landspítala ohf. ákveðið, þar sem mikil óvissa hafi verið um fjármögnun félagsins og framtíðarstarfsemi þess, að gera samning við Landspítalann annars vegar og hins vegar við Framkvæmdasýslu ríkisins um nær alla heildarþjónustu við félagið. Jafnframt hafi verið samið við SPITAL teymið um heildarráðgjöf varðandi skipulagsgerð og forhönnun í framhaldi af vinningstillögu teymisins í alþjóðlegri samkeppni um skipulag og byggingu nýs Landspítala við Hringbraut, en samkeppnin hafi verið haldin vorið 2010. Einnig hafi verið gerðir þjónustusamningar við aðra ráðgjafa um einstaka starfsemi félagsins svo sem um lögfræðilega og fjárhagslega ráðgjöf og einstaka almenna verkefnisstjórn. Notast hafi verið við rammisamninga Ríkiskaupa þar sem það átti við og allar almennar opinberar innkaupareglur. Þar sem ekki hafi verið ráðnir neindir starfsmenn til starfa og ekki um neina beina launaða starfsemi að ræða innan félagsins hafi einnig verið ákveðið að aðalverkefnastjóri í verkefninu gegndi jafnframt stöðu staðgengils framkvæmdastjóra þar til staða framkvæmdastjóra yrði auglýst. Þá segir í bréfinu að öll meginstarfsemi félagsins hafi legið niðri frá árinu 2013 fram á árið 2015, en nú séu hafnar framkvæmdir við bygginu sjúkrahótels og fullnaðarhönnun á meðferðarkjarna. Samningar um þá starfsemi hafi verið undirritaðir af heilbrigðisráðherra haustið 2015. Í kjölfarið hafi skipurit félagsins verið endurskoðað og hafi stjórnin nú þegar ráðið fimm til að taka þátt í þeim verkefnum sem félagið hafi með höndum. Gera megi ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi jafnt og þétt með tilliti til aukinna umsvifa félagsins, en gert sé ráð fyrir að velta þess verði alls 53,8 milljarðar króna á árunum 2016 til 2023.

Í bréfinu kemur fram að í áður nefndum lögum nr. 64/2010 segi um framkvæmdastjóra að hann skuli hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum. Ákveðið hafi verið að auglýsa eftir framkvæmdastjóra félagsins. Hann muni bera ábyrgð á því að framfylgja stefnu og ákvörðunum stjórnar Nýs Landspítala ohf. í samræmi við lög nr. 64/2010. Meginverkefni

framkvæmdastjórans sem aðalverkefnastjóri, verði jafnframt að annast samráð við hagsmunaaðila, svo sem Landspítala, Háskóla Íslands, Framkvæmdasýslu ríkisins, ráðuneyti, Reykjavíkurborg, Ríkiskaup, hönnuði, verktaka, sjúklingasamtök og aðra hagsmunaaðila. Leitað verði að öflugum stjórnanda í starf þar sem reyni á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

Að endingu segir í bréfi stjórnarinnar að verkefni félagsins séu skýrt ákveðin í lögum nr. 64/2010 með síðari breytingum, en megin breytingin hafi verið gerð með lögum nr. 22/2013 þegar ákveðið var að framkvæmdir félagsins skyldu heyra undir lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Þá segir að fjárveitingar félagsins séu háðar ákvörðun Alþingis og síðar heilbrigðisráðherra, en á árinu 2015 hafi fjárveitingar verið 945 milljónir króna en 1.807 milljónir króna á árinu 2016. Fjárveitingar megi flytja milli ára með tilliti til stöðu verkefna. Velta félagsins taki mið af þeim fjárheimildum en félagið hafi ekki neinar beinar sértekjur. Með bréfinu fylgdi skipurit félagsins ásamt áætlun þess til ársins 2023.

Með bréfi dagsettu 8. febrúar 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu og velferðarráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 16. febrúar 2016 segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra stofnana við ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf. og gæti jafnræðis við töku ákvarðana.

Í svari velferðarráðuneytisins dagsettu 6. apríl 2016 segir meðal annars að við ákvörðun launa framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf. þurfi að horfa til umfangs verkefnisins og þess hversu flókið það er, auk ábyrgðar framkvæmdastjórans á að framkvæmdirnar og fjármögnun þeirra verði í samræmi við áætlanir.

### III.

Samkvæmt lögum nr. 64/2010 um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík er markmið og tilgangur Nýs Landspítala ohf. að standa að nauðsynlegum undirbúningi útboðs byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík. Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögnum. Um fullnaðarhönnun, byggingu og útboð hins nýja spítala gilda lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Stjórn félagsins skal eins og unnt er vinna að verkefnum í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila. Ráðherra er heimilt að ákveða að tilteknir skýrt afmarkaðir minni byggingarhlutar eða byggingar séu boðnir út í formi langtímaleigu. Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Framkvæmdastjóri skal hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands,

verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Starf framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf. er nýtt og hefur kjararáð því ekki áður tekið ákvörðun um laun hans. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að framfylgja stefnu og ákvörðunum stjórnar Nýs Landspítala ohf. í samræmi við lög nr. 64/2010. Við ákvörðun launa hans hefur verið höfð hliðsjón af umfangi og verkefnum félagsins að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf. skulu vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 864.075 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 8.934 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber